

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 20. apríl 2020

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um takmarkanir á fjárfestingum í vinnslu jarðefnaeldsneytis

(566. mál, 150. löggjafarþing 2019-2020).

Sú krafa hefur orðið háværi á undanförunum árum að fjármálastofnanir hætti að fjárfesta í fyrirtækjum sem tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis, enda ljóst að ef brenndar verða allar þekktar birgðir olíu, gass og kola í jarðskorpunni verður ekki unnt að forða mannkyni frá öfgakenndum loftslagsbreytingum. Ör hlýnun loftslagsins getur haft neikvæð áhrif á efnahagslegt öryggi hér á landi, m.a. með bráðnun jökla og súrnun sjávar, og dregið verulega úr lífsgæðum.

Ríflega þúsund erlendar fjármálastofnanir hafa brugðist við þessari áskorun með því að veita fjárfestingum sínum í annan farveg, nú nýverið lífeyrissjóðurinn New York State Common Retirement Fund, þýska tryggingafélagið Allianz og Norski olíusjóðurinn (Statens pensjonfond), sem hefur tilkynnt þá ákvörðun sína að selja hlutabréf í fyrirtækjum sem stunda einvörðungu leit og framleiðslu á jarðefnaeldsneyti.

Hér á landi hefur lítið farið fyrir umræðu um áhrif loftslagsbreytinga á fjárfestingastefnu fjármálastofnana þótt fullt tilefni sé til þar sem Íslendingar fjárfesta umtalsvert í erlendum fyrirtækjum, sjóðum og bréfum. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna eru til að mynda rúmir 1.100 milljarðar króna og erlendar eignir Seðlabankans munu vera nærri 700 milljörðum.

Ljóst er að almenningur gerir auknar kröfur um að fyrirtæki sýni ábyrgð í loftslagsmálum. Samkvæmt umhverfiskönnun Gallup segja 86% aðspurðra það skipta miklu máli að fyrirtæki hrindi í framkvæmd aðgerðum sem hafa jákvæð áhrif á sviði loftslagsmála og einungis 17% telja fjármálageirann ná árangri í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, Landvernd, Foreldrar fyrir framtíðina og Ungir umhverfissinnar leitast nú við að afla upplýsinga um erlendar fjárfestingar Íslendinga sem tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis. Þess vegna hefur félagið óskað eftir upplýsingum frá íslenskum fjármálafyrirtækjum um slíkar fjárfestingar og fjárfestingastefnu á þessu sviði.

Nú hafa 21 fjármálafyrirtæki sent Öldu svör sem birt eru á síðunni fjarlosun.alda.is. Af þessum svörum að dæma virðist mjög líklegt að stór fjármálafyrirtæki eigi hlut í félögum sem tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis, að minnsta kosti treysta þau sér ekki til að fullyrða að annað. Þannig segir t.d. í svari Landsbankans: „Landsbankinn getur ekki með algjörri vissu útilokað að sjóðir eða fyrirtæki, sem sjóðir á vegum bankans eða sjóðir í stýringu hjá bankanum hafa fjárfest í, eigi hlut í félagi eða félögum sem stunda leit eða vinnslu á jarðefnaeldsneyti.“ Eins segir í svari Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins: „Þegar kemur að erlendum fjárfestingum fjárfestir LSR fyrst og fremst í sjóðum, eins og fram kom í fyrra svari, s.s. verðbréfasjóðum og vísitölusjóðum. Slíkir verðbréfa- og vísitölusjóðir samanstanda af fjölmörgum félögum og því er ekki hægt að útiloka að þar sé mögulega að finna félög sem koma að verkefnum tengdum vinnslu á jarðefnaeldsneyti“.

Af þessum sökum styður Alda þá tillögu sem hér er til umsagnar og gerir ráð fyrir takmörkunum á fjárfestingum í fyrirtækjum sem tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis.

Með góðri kveðju,

Guðmundur Hörður Guðmundsson,
fyrir hönd Öldu, félags um sjálfbærni og lýðræði